

## Tilmæli 36/2021/Norræna sjálfbærninefndin D 2022

Fyrri númer A 1860/UHN  
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit Norrænu sjálfbærninefndarinnar um  
**um samnorræna endanlega geymslu fyrir NORM-úrgang**

**Tillaga**

Norræna sjálfbærninefndin leggur til

að Norðurlandaráð kynni sér fyrirbyggjandi svar við tilmælum 36/2021 og leiti eftir *pólitísku samráði* um samnorræna endanlega geymslu fyrir NORM-úrgang.

**Bakgrunnur**

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að finna hentuga staðsetningu fyrir eina eða fleiri samnorrænar endanlegar geymslur fyrir NORM-úrgang,  
að kanna hugsanlegar lagalegar hindranir og breyta löggjöfinni á þann hátt að hún heimili innflutning/útflutning á NORM-úrgangi á leið í endanlegar geymslur,  
að semja um sameiginlega fjármögnun á einni eða fleiri sameiginlegum endanlegum geymslum fyrir NORM-úrgang,  
að gera ráðstafanir varðandi örugga stjórnun og meðferð á flutningi á NORM-úrgangi.

**Svar Norrænu ráðherranefndarinnar**

Á Norðurlöndum eru ýmis úrræði þegar tiltæk að því er varðar meðferð á NORM-úrgangi, en auk þess er þörfin á að sinna meðferð slíks úrgangs afar mismunandi milli landanna. Almennt hefur komið fram að ýmsar lagalegar hindranir standa í vegi því að flytja NORM-úrgang milli landa. Innflutningur og útflutningur á NORM-úrgangi er í meginatriðum óheimill án sérstakrar heimildar, og það á sérstaklega við um innflutning á slíkum úrgangi til geymslu.

Að því er varðar þörf á samnorrænni lausn á meðferð NORM-úrgangs hefur komið fram að stjórnvöld margra ríkjanna telja engin vandkvæði tengjast meðferð úrgangs



af þessu tagi og að ónýtt geymslurými er enn fyrir hendi í flestum landanna. Við það bætist að í mörgum tilvikum er um að ræða mikið magn úrgangs sem vafasamt þykir að hagkvæmt sé að flytja um langan veg.

Stjórnvöld norrænu ríkjanna telja mikilvægt að virða þá grundvallarreglu að sá sem er valdur að NORM-úrgangi axli einnig ábyrgð á meðferð hans (*polluter pays principle*). Þannig er mikilvægt að sá sem er valdur að úrganginum taki þátt í að finna lausnina. Þau vilja standa vörð um þessa grundvallarreglu og það hefur áhrif á hugmyndir um sameiginlega fjármögnun einnar eða fleiri sameiginlegra geymslna fyrir NORM-úrgang.

Norræna ráðherranefndin fær ekki séð að neitt norrænt notagildi sé í því fólgið sem stendur að koma upp samnorrænum geymslum fyrir NORM-úrgang en komi annað í ljós verður málið tekið til endurskoðunar.

*Norræna ráðherranefndin telur af þessum sökum að ekki sé unnt að verða við tilmælunum.*

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Flokkahópur jafnaðarmanna taldi svarið ófullnægjandi, þar sem að þeirra mati hafði ekki verið hugað að þeim kostum sem fyrir hendi eru í hverju landi fyrir sig, og kallaði eftir pólitísku samráði.

Flokkahópur hægrimanna lýsti þeirri skoðun að meðferð NORM-úrgangs væri á ábyrgð sérhvers lands og benti á að í svari ráðherranefndarinnar kæmi fram að enginn skortur væri á geymslum á Norðurlöndum heldur væri vandinn bundinn við Danmörku. Flokkahópur hægrimanna lýsti sig ekki andvígán pólitísku samráði en hvatti til þess að aflað yrði upplýsinga um umfang vandans frá stjórnvöldum í Danmörku. Flokkahópur miðjumanna og Norræn vinstri græn lýstu sig hlynnt pólitísku samráði. Niðurstaða atkvæðagreiðslu var að 10 nefndarmenn vildu að leitað yrði pólitísku samráðs, 3 nefndarmenn töldu að tilmælin ættu að teljast fullafgreidd af hálfu Norðurlandaráðs og 2 nefndarmenn sátu hjá.

Nefndin vísar til þess sem fram kemur í svarinu að ýmsar lagalegar hindranir standi í vegi því að flytja NORM-úrgang milli landa í þeim skilningi að innflutningur og útflutningur á slíkum úrgangi sé óheimill án sérstaks leyfis. Enda þótt lagalegar hindranir virðist þannig sem stendur koma í veg fyrir samnorræna lausn á vandanum telur nefndin að það atriði þurfi ekki að hindra að lausn finnist þegar horft sé lengra fram í tímann. Þróa má hugmyndir að lausnum og vinna að nauðsynlegum lagabreytingum til að ryðja slíkum hindrunum smám saman úr vegi.



Nefndin lítur því svo á að svar ráðherranefndarinnar sé ófullnægjandi og leggur til að Norðurlandaráð kynni sér fyrirbyggjandi svar við tilmælum 36/2021 og leiti eftir *pólítísku samráði* um samnorræna endanlega geymslu fyrir NORM-úrgang.

Illulísat, 30. júní 2022

*Anders Kronborg (S)*

*Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)*

*Doris J. Jensen (S)*

*Emilia Töyrä (S)*

*Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (Frfl)*

*Himanshu Gulati (FrP)*

*Lars Püß (M)*

*Lene Westgaard-Halle (H)*

*Magnus Ek (C)*

*Ola Elvestuen (V)*

*Pipaluk Lynge-Rasmussen (IA)*

*Sebastian Tynkkynen (saf)*

*Simon Holmström (HI)*

*Staffan Eklöf (SD)*

*Tove Elise Madland (A)*